

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið Skuggasundi 1

108 Reykjavík

Reykjavík, 30. júlí 2020

Efni: Umsögn frá Sigurpáli Ingibergssyni um tillögur starfshóps að aðgerðum gegn matarsóun.

Undirritaður fagnar skýrslu starfshóps með tillögum að aðgerðum gegn matarsóun og taka skulu á þessum málum með festu en í könnun frá 2019 á matarsóun sem Umhverfisstofnun framkvæmdi þá hafa ekki orðið neinar framfarir milli 2019 og 2016 þrátt fyrir mikla umræðu. Undirritaður vill bæta við þrem aðgerðum sem vantar í skýrslu starfshópsins. Verði þær innleiddar, þá mun kolefnislæsi aukast og auðveldara að ná stóru markmiðunum um 50% samdrátt fyrir 2030.

Kolefnisspor vöru

Matur og matur er ekki það sama. Kolefnisspor matar er mismunandi og í skýrslunni kemur orðið kolefnisspor ekki fyrir. Hægt er að minnka heildar kolefnisspor þess matar sem við neytum, þar sem að fæðutegundir hafa mismunandi kolefnisspor. Til dæmis þá sýna útreikningar að fyrir eitt kíló af lambakjöti til neyslu þá losna 28,6 kg af CO₂ en eitt kíló af línuporski losar 1,58 kg og togaraporskur losar 5,14 kg af CO₂. Að lokum, eitt kg af tómata losar 0,67 kg af CO₂. Með því að velja að jafnaði matvöru sem hefur lítið kolefnisspor leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar. Virðing fyrir matvörunni eykst. Sjá: Aðgerð 2, reglubundnar mælingar á matarsóun.

Rannsóknir sýna að um 25% af allri losun gróðurhúsalofttegunda kemur frá mat og matvælaframleiðslu. Því þarf að skoða kolefnisspor matar ekki þyngd matar.

Í framtíðinni mun kolefnisspor vöru verða við hliðina á verðinu. Þá getur viðskiptavinurinn tekið upplýsta ákvörðun um matarinnkaup.

Eitt fyrirtæki á Íslandi hefur birt upplýsingar á vöruspjaldi um kolefnisspor vöru, ÁTVR en þar er hægt að sjá áætlað kolefnisspor umbúða en þær eru um 40% af heildar kolefnisspori vörunnar. Markmiðið er að árið 2040 verði öll matvara á Íslandi komin með kolefnisspor á verðmiðann og vörulýsingu.

Minni á sigurvegara í Reykjavík Climathon 2018, eða Loftslagsmaraþon en hópurinn sem fékk verðlaun fyrir bestu hugmyndina og gengur út að kynna fyrir neytandanum kolefnisspor vörunnar strax í hillunni í versluninni.

<https://www.ruv.is/frett/kolefnisspor-matvaela-kynnt-i-versluninni>

Matspor vöru

Einnig þurfa stjórnvöld að hvetja og verðlauna fyrirtæki sem reka mótuneyti og veitingahús að taka upp [Matspor Eflu](#) eða sambærilegan kolefnisreikni. Stefna að því að 50% fyrirtækja sem reka mótuneyti verði komin með kolefnisreikni árið 2025. Sjá: Aðgerð 2.

Kolefnisspor á matseðla veitingahúsa

Það væri til fyrirmyndar á veitingahúsum að geta fengið uppgefið kolefnisspor matarins á matseðlinum að auki við verð matarins. Stefna að því að allir veitingastaðir setji kolefnisspor á matseðil fyrir 2030. Sjá: Aðgerð 20.

Virðingarfyllst,
Sigurpáll Ingibergsson
230365-3509